

Kennsluáætlun 2025-2026

8.-10. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennarar: Christoph Wöll



Markmið: Að nemandi getur

- skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni og unnið úr þeim.
- fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum og unnið úr því.
- hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.
- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum og brugðist við efni þeirra.
- lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.
- tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli.
- tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
- tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og segja skoðun sína.
- tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
- flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.
- beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.
- skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.
- skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.
- samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.
- sýnt að hann þekki til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins,
- greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Það sem verið er að vinna með: lestur bóka og styttri texta; myndbönd og hlaðvörp og úrvinnsla þeirra; kynningar nemenda o. fl.
- Áhersla er lagt á munnlega þátttöku í umræðum í tímum.
- Skrifleg verkefni eru unnin í tölvu í skjölum sem kennari deilir með nemendum og hefur aðgang að þannig að hann getur fylgst með vinnu þeirra. Nemendur eru þjálfaðir í að nota hjálpartæki eins og stafsetningarforrit.
- Nemendum er kennd ábyrg notkun gervigreindar.
- Unnið er með málfræði eftir þörfum (þegar verkefnaskil nemanda bendir á vandamál).
- Unnið er með orðaforða sem tengist verkefnum.

- Kennslan er skipulögð þannig að nemendur taka sífellt meiri vinnu og ábyrgð á sig. T.d. þegar unnið er með skáldsögu undirbýr kennari tíma með því að semja lesskilnings- og umræðu spurningar en seinna fá nemendur eða hópar þeirra verkefni að undirbúa spurningar og námsgögn fyrir bekkjarfélaga sína. Eins byrja nemendur á að halda fyrst afmarkaða kynningar en svo eru kynningarverkefnin stækkað þannig að nemendur þurfa líka að vera tilbúnir að svara spurningum eða búa til verkefni tengt kynningum sínum.

Námsmat:

- Skrifleg verkefni, kynningar og fleiri afurðir nemenda verða metin samkvæmt matskvarða sem er kynnt nemendum í upphafi verkefna.
 - Kennari áskilur sér rétt að spjalla við nemanda um skrifleg verkefni eftir skil t.d. til að staðfesta að gervigreind var ekki notuð á óleyfilegan hátt.
- Magn og gæði þátttöku í umræðum er metin.
- E.t.v. orðaforðapróf og/eða málfræðipróf.

Námsgögn:

- Skáldsaga Wonder eftir R. J. Palacio
- Smásögur og e.t.v. leikrit
- Spotlight bækur
- Vefsíður og efni búið til með gervigreind
- Myndbönd og þættir
- Hlaðvörp